

10/2 77

Skógrækt ríkisins  
Selfossi.

Starfsskýrsla fyrir árið 1976.  
Suðurlandsumdæmi  
Garðar Jónsson .

## Veðurfar ársins:

Veturinn frá áramótum var umhleyplingasamur, snjór, rigning og frost. Nokkurn snjó setti niður í uppsveitum seinnipart vetrar, sérstaklega í Laugardal og Biskupstungum, og lá sá snjór fram á vor. Vorið var fremur hagstætt og gott vinnuveður í maí og júní. Júlí og ágúst með eindæmum úrkomusamir, svo að varla tók af steini þá mánuði, og sól sást ekki að heitið gæti. Vinna nýttist illa sökum vatnsveðra og bleytu í jörðu. Haustið var ágætt og veturinn til áramóta sömuleiðis, úrkomulítið og jörð alauð um áramót. Klaki í jörðu 50 cm um áramót.

## 2 Vöxtur og þrif trjágróðurs.

- A. Laufgun og lauffall: Laufgun tel ég að hafi verið 6 júní Þórvoru tré og runnar á skjólgóðum stöðum laufgaðir fyrr. Lauffall áætla ég að hafi verið 25. september.
- B. Ársvöxtur: Ársvöxtur á trjágróðri var misjafn. Allsæmi-  
legur á Sitkagreni og á úrkoman vafalaust sinn þátt í því,  
en vöxstur Stafafuru í minna lagi, svo og Rauðgreni og  
birki o.fl. tegundum.
- C. Skaðar á trjágróðri: Birkimaðkur var mjög lítill í sumar,  
en birkidauði mikill á afmörkuðum svæðum, sérstaklega í  
gróðursettum smágirðingum. Um orsökina er ekki gott að  
segja, en geta má þess að birkimaðkur var óhemjumikill 1974  
og talsverður árið 1975. Óvíst er hver útkoman verður, því  
rætur virðast vera lifandi, en stofnarnir dauðir. Þetta  
var eitthvað athugað af sérfræðingunum á Mógilsá.
- D. Fræfall: Eftir tvö úrkomumikil og slæm sumar var ekki að  
vanta að fræfall yrði mikið, enda varð sú raunin, mjög  
lítið fræ og engu safnað.

/ 3. Starfsfólk á árinu 1976.

J	F	M	A	M	J	J	A	S	O	N	D	
1	1	1	1	3	8	8	9	6	4	2	2	karlar
				3	3	4	3	2	1			konur

Launagreiðslur til þessa fólks á árinu voru sem hér segir:

	1976	1975
Laun	kr 3.782.806,00	2.085.708
Sparimerki	kr 341.700	147.282
orlofsgreiðslur	kr 233.061	143.308

Matreiðsludagar ráðskonu urðu 77 (61) og fæðisdagar alls 831, þannig að rúmlega lo manns hafa verið stöðugt í fæði hjá ráðskonu og hún því full nýtt. Fæðisdagar 1975 voru 636.

Greiddir fæðispeningar	550.121
Kaup ráðskonu	<u>416.040</u>
Samtals kostnaður v/matreiðslu.....	966.161,00

Kostnaður pr. fæðisdag/mann:  $\frac{966.161}{831} = 1.163$

Tryggingarskyldar vinnustundir á árinu voru 6.670 (5.542) og hjá vikukaupsfólki 16 (12) vikur.

☒ Á mánuði skiptast launagreiðslur þannig:

	1976	1975
Jan - April	<u>110.978</u>	
Mái	167.120	191.167
júní	712.025	496.946
júlí	1.055.682.	792.880
ágúst	881.074	334.991
sept	235.233	69.433
okt - des	620.694	200.889

Unnar voru 40 dagvinnu og lo eftirvinnustundir pr. viku. Umsjón útivistarsvæðis í Þjórsárdal var með sama hætti og áður, að vinnuflokkurinn skipti verkinu milli sín. Launa-kostnaður varð kr 83.069,00 . Efniskostnaður 83.910,00 og akstur kr 49200,00. Samtals kr 216.179,00.

#### 4. Girðingar

##### A Nýjar girðingar:

Ekki var um neinar stórframkvæmdir að ræða á árinu.

Á Laugarvatni var endurgirtur 300 metra kafli á landamerkjum Snorrastaða og Laugarvatns. Var þar um all effiða framkvæmd að ræða, því girt var á snarbrattri klöpp, í hlíðum Laugarvatnsfjalls.

Í Þjórsárdal var endurgirtur 2,5 km kafli af afréttar-girðingunni. Er það kafllinn frá Eystri-Seljatunguhvísl og vel austur á hæðirnar austan Selsands. Meiningin er að reyna að endurnýja girðinguna austur að Sandá á næsta ári.

Okkur vattist nýtt verkfæri til girðinga á árinu, stauration, og fæ ég ekki séð hvernig við höfum komist af án hans til þessa.

Þá girtu Gnúpverjar nýja girðingu í Þjórsárdal sem nota skal fyrir beitarhólf að haustinu, þegar féð fer að sækja fram. Liggur þessi girðing frá Reykholti, austur yfir Fossá niður að gamla Fossárvaði, austur að Skeljafelli, norður með því að Stöng, norðan við Gjána og þaðan austur yfir Haf og í Þjórsá fyrir ofan stíflugarðana. Er talað um að Skógræktin taki að sér viðhald þessarar girðingar, en sleppi jafnframt við Fossárdals, Fossöldu og Hólaskógsgirðingu.

##### B Viðhald girðinga.

Viðhaldinu var háttað líkt og áður, nema hvað að ekki var hafður sérstakur flokkur einöngu til girðinga.

Greipur Sigurðsson sá um viðgerð á Haukadalsgirðingu og var mjög lítið ~~fx~~ fé í henni í sumar, enda búið að gera mjög vel við beitarhólf Sigurðar Greypssonar inni við Tungufljót. Vinnuflokkurinn fór 14. júní inn í Þórsmörk til viðgerða og var þar í 5 daga. Umsjónarmaður var í Þórsmörk í sumar, Friðrik Baldursson og hans verk að líta eftir girðingum og fé. Ekki þótti taka því að smala enda mjög fátt fé komið í mörkina er vinnuflokkurinn var þarna.

## 5. Gróðursetning.

Í Þjórsárdal var plantað sem áður í hlíðum Ásólfstaða-  
fjalls, í svokölluðum Torfum. Þar er land ákjósanlegt fyrir  
sitkagreni mjög bratt og raki hvað frískastur.  
Plöntun hófst 18 og var lokið þann 28. Einnig var plantað  
töluverðu af Sitkagreni í skóglaut land í Hagafjalli. (R 1023).

Á öðrum stöðum var ekki plantað að neinu ráði nema á  
Laugarvatni, en þar gróðursettu norðmenn 4 - 18 ágúst.

Smávegis var gróðursett í Haukadál af Elri og Broddfuru  
og Skógræktarstjóri verkstýrði plöntun bergfuru við Hákonar  
bústað. *við brú 2 m. s.  
skógrækt*

Það sem varðar næsta ár í sambandi við gróðursetningu er,  
að nú þyrfti að senda austur að Klaustri til að ljúka við að  
gróðursetja Sitkagreni undir birkið sem grasmaðkurinn herjaði  
á hér um árið. Ennþá er möguleiki að nota þessi fáu lifandi  
tré og stubbana af þeim dauðu til ábata fyrir plöntur. Trén  
sem skerm og stubbana til að hlífa fyrir sinu, sem mikið er  
af þarna. Í þetta þyfti stórar plöntur. Nokkru af Sitka-  
greni og Rauðgreni var plantað strax eftir maðkarið, en hefur  
átt í effiðleikum sökum sinu. Einnig væri æskilegt að  
gróðursetja meira í Hlíðargirðingu í Skaftártungu, þar hefur  
Stafafura vaxið nokkuð vel á seinustu árum.

Skrá yfir gróðursetningu S.R. 1976.

Laugarvatn:

Stafafura	Haines	2/1m	T	B 854	3.360
do	Skagway	2/1m	T	B 855	15.050
do	Skagway	2/2	T	B 816	1.240
Sitkagreni	Cordova	2/3	T	B 779	5.000
Bergfura	Haut Conflict	2/1m	T	B 840	3.000
					<hr/>
					27.650

Þjórsárdalur:

Rússalerki	Ávsjan Baskkir	2/2m	T	B 662	300
Sitkagreni	Cordova	2/2m	T	B 817	11.300
Rauðgreni	Leirfjörð	2/2m	T	B 804	3.000
Broddfura	Hallormst.	3/3m	T	B 744	1.000
Stafafura	Haines	2/1m	T	B 854	2.000
Svartgreni	Alberta	3/3	T	B 721	500
Sitkagreni	Old Sitka	2/4	T	B 757	200
Elri	Davos Swiss	2/1m	T	B 807	245
					<hr/>
					18.545

Haukadalur:

Elri	Davos Swiss	2/1m	T	B 807	100
Broddfura	Hallormst.	3/3	T	B 744	1.000
Bergfura	Haut Conflict	2/1m	T	B 840	1.000
					<hr/>
					2.100

Samtals Skógrækt Ríkisins 1976

48.295

## 6. Hirðing:

### A. Hreinsun

Sagað var frá í reitum 3110, 3215, 3216, 3321, 3414 og að hluta ur reitum 3320 og 3331. Þessi reitir eru allir í Selhöfðum og þar hefur verið unnið síðastliðin tvö sumur af nokkrum krafti við að saga teinung, en hann er segur og kemur fljótt upp aftur. T.d. reikast okkur til að til að halda jólatrjáaökrunum sémilega hreinum fyrir teinung þurfi að fara yfir hvert stykki 5 hvert ár. Þetta er geysileg vinna og spurning hvort ekki borgar sig að fara að prufa sig áfram með lyf til að eyða víðinum. Það mætti að sjálfsgöðu halda sig á stöðum sem ekki sjást langt að.

Í Haukadal var sagað frá í öllum reitum fyrir ofan gamla grenið í Austmannabrekku: 1012, 1014, 1015, 1022, og 1023. Einnig var þirki hreinsað innan úr gamla greninu 1011. Austan Svartagils var hreinsað úr reit 1031 frá 1955 þar sem stendur Lerki, Skógarfura og Rauðgreni hvað innan um annað. Einnig úr Sitkagrenireit 1032 og Rauðgrenireit 1033. Douglasgrenireitur 1035 var hreinsaður að nokkru.

### B. Áburðargjöf:

Töluvert var borið á, í Lambahöfða í Þjórsárdal, á jólatré. Notaður var kornaður Kjarni.

Í Haukadal var borið á plógstrengjastykki í reit nr 6021 og skal nú reynt hvort ekki er hægt að herða svolítið á plógstrengjaplöntunum, sem vægast sagt hafa átt effiða æsku, enda varla nema von, því aldrei hafa þessar plöntur fengið áburðarkorn, sem þó er víðtekin regla erlendis með mýrarplantanir.

Sagað var í tilraunaskýni frá Rauðgreni í R 1083 og borið á, til að vita hvort hægt verður að þína rauðgrenið í Kolabrekkunum og brekkunum þar í kring upp í jólatrésstærðir. Útséð er með að rauðgrenið sem stendur svo hátt, geti nokkurn tíma orðið að trjám nema með mikilli hjálp. Til Samanburðar var einnig sagað frá og borið á á Sitkagrenireit 1081, á jafn stóru svæði.

### C. Grisjun.

Þjórsárdalur: Ekkert var grísjað fyrir plöntun um vorið enda voru til 2 ha grísjaðs lands frá 1975. Var það land notað eins og það entist og þá' farið fram í Hagafjall og plantað þar í skóglaustr land.

Í ágúst var grísjað úr gömlum rásum þar sem allt hafði drepist af barrtrjám, í Selhöfðum (3215) og það land stendur tilbúið til næsta árs. Einnig var grísjað fyrir neðan gamla rauðgrenireitinn og ætilunin að setja þar lerki (R 3320). Grísjað land til næsta árs er ca 1 1/2 ha.

Í Skarfanesi var lokað við að grísjá R1425 sem er stafa-fura frá 1959 og byrjað var að grísjá 'í fyrra.

Í Haukadal var birkireiturinn 4514 grísjáður og framkvæmdi það að mestu Þór Þorfinnsson. Einnig lauk Böðvar við reit 4516 sem ekki tókst að ljúka 1974. Mest allur reyniviðurinn sem stóð meðfram tröðunum var og felldur.

Á Kirkjubæjarklaustri var grísjað svolítið aðallega höggvið birki frá greninu, en einnig grísjað í birkiskóginum austan lægjarins. Þó er eftir austasti hluti skógarins.

### D. Annað:

Úðað var fyrir Sitkagrenilús bæði á Klaustri og í Skaftafelli. Úðað var 8-10 nóvember og var á takmörkum að nógu hlýtt væri þessa daga, en hitastig þarf að vera yfir 6 gráðum ef lyfið á að virka, sem við notuðum. Svo viðbúið er að aftur þurfi að úða í vor eða seinni part veturs. Trén í Skaftafelli eru orðin ansi hart úti vegna lúsar og sum þeirra orðin nálalítil nema rétt í toppinn.

Á Klaustri er lítil sem engin lús, þó að við þættumst verða aðeins varir við einkenni á einu tré. Var það og næstu tré úðað.



## 7. Vegagerð:

Í sumar var mikið unnið við vegagerð og var einn maður stöðugt í efnisflutningum. Við tilkomu ámolsturstraktors gjörbreyttist aðstaðan til vegagerðar.

Í Þjórsárdal var borið ofan í vegi í Selhöfðum frá Kerzlæk að Klapparvaði, brautir á tjaldsvæðinu og í hlaðið heima í Klofási. Jarðýtan nýja var einnig mikið notuð til að endurryðja vegi sem runnið hafði úr og á, og ekki verið notaðir lengi. Einnig voru lagðir tveir nýjir vegir í Þjórsárdal: annar efst og fremst í Torfunum í Ásólfstaðafjalli og hinn upp með Hvammsá, Skriðufellsmegin, og kallast sá vegur Fordvegur.

Í Haukadal var borið í brautirnar í hlíðum Sandfells og einnig niðri á mýri. Það háði vegagerðinni geysilega, svo og öllum störfum, hversu grkomusamt var í sumar, Lagður var vegur að brú á Miðskógarkvísl, en sú brú var byggð í tíð Einars Sæm., en ekki fullkláruð. Styttum við brúna og ýttum að henni. Brúin opnar leið upp í Langamel, þar sem taka má grús. Einnig opnast leið að Sauðholtstungu, stykki sem stendur til að plægja. Þar við Sauðholtstunguna var byrjað að byggja brú í sumar, yfir Stekjetúnsá. Á þá brú vantar ennþá gólfíð.

## 8. Framræsla.

Jarðýta og plógur Skógræktarinnar voru notuð til plæinga fyrst á Snæfoksstöðum og síðar í Haukadal.

Á Snæfoksstöðum voru gerðar smá endurbætur á plógnum, auk þess sem menn æfðu sig í að ná tækjunum úr festu.

Aðal vinnan var þó í Haukadal og þar plægði ýtustjórinn Benedikt Blöndal ha lands. Kom í ljós að á mjög blautu, og eins á kjarrivöxnu landi, var betra að nota einskerann á plógnum, en tvískerann þar sem land var þéttara og lynglaust. Tvískerinn er helmingi afkastameiri, því með honum er hægt að plægja í báðar áttir, en með einskeranum aðeins í aðra. Tvískerinn gerir heldur ekki eins mikil landspjöll, þó að skurðirnir séu jafn djúpir, eru ~~þess~~ plógstrengirnir hjá tvískeranum helmingi minni.

Flæingin gekk yfirleitt mjög vel, þrátt fyrir óhagstæða veðráttu. Þó urðum við að hætta um 20 ágúst í Haukadál, enda var þá allt komið á flot eftir undangengnar rigningar, enda mátti þá engu muna að jarðýtan og plógurinn hyrfu í jörðu niður.

Helstu vandkvæði við tæki þessi virtust mér vera þau að vont er að enda strengina, vegna þess hve ýtan og plógurinn þurfa mikið athafnasvæði. Helst hefur manni flogið í hug, að ~~sex~~ hafa lítinn traktor á beltum með jarðýtunni, utbúa traktorinn með plóg og láta hann taka endana út í skurði og snúast á öðurm þröngum stöðum, þar sem vonlaust er að koma ytu og plógi við. Við núverandi aðstæður verða alltaf eftir smá horn hér og þar, þannig að full nýting er ekki á landinu.

Skurðgröfur frá "Vélgröfunni S/F" á Selfossi grófu mikið af skurðum í Haukadál ~~og~~ bæði nýjum og einnig voru hreinsaðir gamlir. Á Hrísumun austan við kirkju sem var plægðar uppúr 1960 voru grafnir skurðir og reynt að þurka eftir föngum. Þeir fáu skurðir sem þar voru fyrir voru orðnir fullir og framræslan í það ~~er~~ heila mjög ófullkomin. Þarna voru grafnir 1430 m langir skurðir í Júlí.

Í September fengum við gröfurnar aftur, og var þá búið að mæla allar mýfarnar milli Almenningsár og Tungufljóts og plægja. Skurðir voru grafnir bæði í Hríslækjarmýri sem er strax sunnan við Almenningsá að Bryggjulæk, og Bryggju-lækjarmýri sem nær frá áðurnefndum Bryggjulæk að Tungufljóti. Grafnir voru samtals 7.115 metrar í þessar tvær mýrar.

Einnig voru grafnir skurðir í Tortumýrina, sem var eitt blautasta stýkkið sem átt var við í sumar ~~og~~ samtals 810 m. Einnig var grafið við Sveinsbústað og reynt að þurka stæði hans nokkuð svo og tveir stuttir skurðir uppi í miðhlíð.

Alls voru grafnir um ~~59~~.000 rúmmetrar.

## 9. Ymislegt:

A. Jólatré: Síðast í október var farið að huga að jólatrjám. Mest var höggvið í Þjórsárdal, smávegis í Haukadál og Skarfanesi. Samtals voru tekin 1097 tré í stærðum frá 0,70 m - rúmlega 5 m. Þetta magn var selt fyrir kr 1.896.750,00 og verður meðalverð fyrir hvert tré kr 1.729,00.

Nauðsynlegt er að gera gangskör að því að grísa frá, snyrta og bera á tré sem ætluð eru til sölu sem jólatré. Sala á jólatrjám er orðin umtalsverð tekjulind hjá Skógræktinni og verðum við að auka magnið og ekki síður að bæta gæðin á jólatrjámum í framtíðinni.

B. Ferðafólk: Í veðráttu eins og var í sumar gæti maður haldið að ekki komi margt ferðafólk í skóglendin, en raunin varð önnur í Þjórsárdal. Þar var ótrúlega margt fólk um helgar. Aðstöðu þarf að beturbæta þar, bæði hvað senrtir sorp, salerni, og vatn. Tjaldgjöld voru innheimt um helgar fyrir kr 211.750,00. Umgengni hefur alltaf verið góð í Þjórsárdal.

Í Þórsörk sá Ferðafélag Íslands og Náttúruverndarráð um allt sem að ferðafólki laut.

C. Fundahöld og ferðir: 16 - 24 mars sat ég árlegan fund skógræktarstjóra og starfsmanna Skógræktar ríkisins í Reykjavík, þar sem rædd voru fagmál, fjármál og gerð starfsáætlun fyrir árið 1976. Margar ferðir voru farnar í skóglendi Skógræktar ríkisins vegna framkvæmda þar, svo og til eftirlits með girðingum o.fl.

Aðalfundi og stjórnarfundum sat ég hjá Skógræktarfélaginu í umdæminu og þá sérstaklega hjá Skógræktarfélagi Árnesinga. Einnig var farið í margar girðingar hjá félaginu. Sat aðalfund Skógræktarfélags Íslands í Reykjavík 29 - 31 október.

Selfossi 31/12 1976



Gardar Jónsson.